



Erindisbréf fyrir skólateymi

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilgangur	<p>Að efla og samhæfa starf sambandsins að skólamállum, þ.e. málefnum leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla þar sem við á, með reglubundinni upplýsingamiðlun milli sviða og áherslu á skilvirkni.</p> <p>Að áherslur og stefnumið í skólamálastefnu sambandsins á hverjum tíma, nái fram að ganga.</p>
Leiðarljós	<p>Að nýta sem best þekkingu og reynslu starfsmanna sambandsins á málefnum skóla og menntunar í þágu sveitarfélaga þannig að yfirsýn yfir verkefni verði sem best og upplýsingamiðlun og þjónusta skilvirk.</p>
Hlutverk og verkefni	<p>Teymið gerir tillögur að og fjallar um skólamálastefnu sambandsins, skipuleggur Skólaþing sveitarfélaga og málstofu sambandsins um skólamál.</p> <p>Teymið fylgist með skólamállum sveitarfélaga á hverjum tíma eins og mögulegt er og gerir tillögur um viðbrögð ef þurfa þykir, svo sem við fjölmiðlaumræðu.</p> <p>Teymið setur verkefni í skipulagðan vinnufarveg þannig að ábyrgð og verkaskipting sé skýr og þekking og reynsla starfsmanna af ólíkum sviðum nýtist sem best.</p> <p>Teymið fylgist með gerð skólaskýrslu sambandsins og kemur að undirbúningi hennar eftir þörfum.</p> <p>Starfsmenn sambandsins hafa samráð á vettvangi skólateymis við úrlausn verkefna á sviði skólamála þegar ástæða þykir til.</p> <p>Í ársskýrslu sambandsins er gerð grein fyrir starfi teymisins.</p>
Staðsetning í stjórnskipulagi – þátttakendur og fundir	<p>Skólateymið gengur þvert á svið. Það er yfirstjórn sambandsins og skólamálanefnd til stuðnings við úrlausn skólamálefna.</p> <p>Skólamálafulltrúi og sérfræðingar lögfræði- og velferðarsviðs, hag- og upplýsingasviðs og kjarasviðs eiga fast sæti í teyminu samkvæmt nánari ákvörðun sviðsstjóra. Skólamálafulltrúi kallar aðra starfsmenn til þátttöku eftir þörfum.</p> <p>Skólamálafulltrúi boðar til og stýrir fundum og kallar aðra starfsmenn til eftir þörfum. Hann sér um að gengið sé frá fundargerðum og fylgist með að mál séu leidd til lykta. Fundir skulu haldnir eftir þörfum.</p>

Mál: 0712419SA - Samþykkt á sviðsstjórafundi 15. ágúst 2011.

Teymi sambandsins eru til að efla og samhæfa starf og þjónustu sambandsins þvert á svið þess.